

*RE: Umsagnarbeiðni: Eldsneytisgeymir í Búðardal - fyrirhugað stöðuleyfi*

**From:** Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>

**Sent:** fimmtudagur, 23. júní 2022 11:22

**To:** Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>

**Cc:** Árni Gunnarsson <arni@hev.is>

**Subject:** FW: Umsagnarbeiðni: Eldsneytisgeymir í Búðardal - fyrirhugað stöðuleyfi

Sæll Þórður

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við að þessi tankur verði settur upp þarna til bráðabirgða. Tankurinn fellur í þann stærðarflokk að vera undir eftirliti heilbrigðiseftirlitsins. Skv. reglugerð um olíumengun frá starfsemi í landi á heilbrigðiseftirlitið að gera kröfu um að mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir séu tryggðar við rekstur lausageyma, en það er ekki skilgreint frekar. Árekstrarvarnir eru óþarfar hér þar sem tankurinn stendur inni í garði, en við þurfum að fá upplýsingar um hvernig áfylling fer fram og hvort það er yfiryllivörn á tankinum. Einnig er ég að spá í hvernig það myndi uppgötvast ef tankurinn rofnar og olía flæðir út í ytra byrgðið. Varðandi elds og slysavarnir þurfum við að fá að sjá viðbragðsáætlun Rarik þessu tengt. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir ykkar afgreiðslu.

Kveðja

Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Innri mel 3, Akranes  
s. 4312750 og 6206566  
[www.hev.is](http://www.hev.is)